

Neytendasamtökin
í tímans rás

Avókadóræktun
ekki án vandræða

Rukkað fyrir gömul
tölvupósthólf



Neytendablaðið

Smálán
undir smásjá

JÚNÍ 2019

Efni

Neytendafréttir	4
Smálánastarfsemi	6
NS í tímans rás	8
Verðmerkingar spítala	12
Frá formanni	13
Heimferð höfð af fólki	14
Gömul pósthólf dýrkeypt	15
Spurt og svarað	16
Sjálfbær tíska	18
Avókadóræktun	20
Jarðheilsufæði	22
Súkkulaði	23



Neytendablaðið

2. tbl. 65. árg. 2019

Útgefandi: Neytendasamtökin, Hverfisgötu 105, 101 Rvk.

Sími: 545 1200

Veffang: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

Ritstjóri: Brynhildur Pétursdóttir

Ritstjórn: Brynhildur Pétursdóttir, Breki Karlsson,

Ívar Halldórsson

Ábyrgðarmaður: Breki Karlsson

Umbrot og hönnun: Arnar Tr.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Forsíðumynd: Istockphoto

Upplag: 8.500 eintök

Árgjald Neytendasamtakanna 2019 er 6.000 kr.

Óheimilt er að nota upplýsingar úr Neytendablaðinu í auglýsingar og við sölu nema skriflegt leyfi liggja fyrir.

Leiðarinn

Neytendavernd í skötulíki



Eitt af furðulegri neytendamálum seinni tíma er starfsemi smálánafyrirtækja sem til fjölda ára hafa komist upp með að veita neytendum ólögleg okurlán. Árið 2013 voru sett lög sem tryggja að kostnaður vegna neytendalána fari ekki yfir ákveðið viðmið. Smálánafyrirtækin hafa aldrei farið eftir þessum lögum, eins og hefur verið staðfest í ótal álitum og úrskurðum Neytendastofu og áfrýjunarnefndar neytendamála. Þá hafa fallið tveir dómur í héraðsdómi

Reykjavíkur sem staðfesta ólögmetan lánakostnað en síðasta dómnum hefur smálánafyrirtækið áfrýjað til Landsréttar. Kostnaður við málarekstur hins opinbera vegna þessarar starfsemi heldur því áfram að vaxa.

Alvarlegast er þó að á einhvern óskiljanlegan hátt hafa smálánafyrirtækin komist upp með að bjóða ólögleg lán án þess að nokkuð fái við það ráðist. Lántakar greiða okurvexti og margir lenda í vanskilum. Þeir taka þá gjarnan ný lán til að greiða upp fyrri skuldir. Kröfurnar eru innheimtar af hörku þrátt fyrir að vera ólögmetar og jafnvel eru dæmi um að skuldir séu skuldfærðar beint af reikningum og kreditkortum lántakenda. Hafa Neytendasamtökin sent fjölmörg erindi vegna þessara mála, m.a. á banka og kortafyrirtæki, til að kanna hvort skýr skuldfærsluheimild sé fyrir hendi.

Lántakar hafa sumir lent á vanskilaskrá og hefur stjórn Neytendasamtakanna gert athugasemdir við það að vanskil á lánum sem bera ólöglega vexti geti leitt til vanskilaskráningar. Þá hafa samtökin sent kvörtun til úrskurðarnefndar Lögmannafélags Íslands þar sem samtökin telja að innheimtuaðferðir brjóti í bága við góða innheimtuhætti.

Það ráðaleysi sem ríkt hefur gagnvart ólöglegri starfsemi smálánafyrirtækja er í raun stórmerkilegt en af þessu máli má draga lærdóm. Eftirlit með vörum og þjónustu á neytendamarkaði verður að vera öflugt og þau úrræði sem eftirlitsstofnanir hafa verða að bita. Neytendasamtökin hafa til dæmis aldrei komist til botns í því hvort að þær sektir sem lagðar hafa verið á smálánafyrirtækin hafi skilað sér í ríkiskassann. Síðast en ekki síst þarf auðvitað að vera hægt að stöðva starfsemi sem brýtur í bága við lög.

Fyrirtæki sem svífast einskis hafa allt of lengi komist upp með að herja á fólk sem oft má sín lítils. Það er ólíðandi og löngu tímabært að stjórnvöld geri það sem þarf til að tryggja öfluga neytendavernd á lánamarkaði.

Brynhildur Pétursdóttir



Hér má sjá fulltrúa í pallborði. Frá vinstri Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, Auður Alfa Ólafsdóttir hjá verðlagseftirliti ASÍ, Margrét Gísladóttir frá Landsambandi kúabænda, Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins og Breki Karlsson formaður Neytendasamtakanna.



Henný Hinz aðalhogfræðingur ASÍ

Hátt matvöruverð á Íslandi

*Neytendasamtökin og ASÍ
héldu morgunverðarfund í mars
undir yfirskriftinni Af hverju
er verðlag á matvöru á Íslandi
svona hátt? Fundurinn var vel
sóttur og erindin áhugaverð.*



Daði Már Kristófersson prófessor í hagfræði

Verðlagseftirlit ASÍ á Facebook

Til að auka aðhald, virkja samtakamátt neytenda og skapa þeim vettvang hefur verið settur á fót facebookhópurinn „Vertu á verði“ þar sem almenningur getur sent inn ábendingar og upplýsingar um verðhækkningar og/eða látið vita af fyrirtækjum sem ekki hafa hækkað verð hjá sér og bjóða upp á gott verð. Þá geta fyrirtæki einnig látið vita ef þau hafa ekki hækkað verð og ætla sér ekki að gera það. Fólk er hvatt til að finna hópinn á Facebook, ganga í hann og taka þannig þátt í að veita fyrirtækjum aðhald og tryggja að umsamdar launahækkningar skili sér í auknum kaupmætti.

Greiðsluseðlar ekki sendir með pósti



Neytendasamtökin munu hætta að senda greiðsluseðla vegna félagsgjalds samtakanna nema þess sé sérstaklega óskað. Þeir sem óska eftir því að fá áfram senda greiðsluseðla með pósti eru beðnir um að hafa samband á ns@ns.is eða í síma 545 1200.



Aukagjald á póstsendingar frá útlöndum

Samkvæmt nýsamþykktum breytingum á lögum um póstpjónustu er Íslandspósti nú heimilt að innheimta 400 kr. fyrir sendingar frá Evrópu og 600 kr. fyrir sendingar frá löndum utan Evrópu, auk umsýslugjalds sem nú er 500 kr. Móttökugjald sem lagt er á neytendur fyrir sendingar utan Íslands verður því 900 – 1.100 kr.

Neytendasamtökin sendu inn umsögn um frumvarpið þar sem mótmælt var að kostnaði vegna rekstrarvanda Íslandspósts væri velt á herðar neytenda á þennan hátt.

Þá var því einnig mótmælt að Íslandspósti sé heimilt að leggja á þetta aukagjald til að mæta meintum kostnaði „að viðbættum hæfilegum hagnaði“, eins og það er orðað, en samtökin telja ótækt að neytendur greiði aukagjald umfram raunverulegan kostnað vegna sendinga og séu þannig hafðir að féþúfu.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er stærsti hluti vanda Íslandspósts vegna sendinga frá Asíu, en samkvæmt Alþjóðapóstsamningnum fá lönd í Asíu að halda eftir meginhluta þess póstburðargjalds sem sendandi greiðir. Samt sem áður er þetta nýja gjald lagt á sendingar frá öllum löndum. Séu lélegir samningar ástæða vanda Íslandspósts telja Neytendasamtökin réttast að íslensk stjórnvöld réðust að rót vandans í stað þess að seilast í vasa íslenskra neytenda.

Samtökin hafa lengi gagnrýnt háan kostnað vegna póstsendinga sem hamlar samkeppni og stuðlar að hærri verðlagningu verslana á Íslandi. Neytendasamtökin telja þessa breytingu því verulega ósanngjarna.

Geymt fé, glatað fé

Áhugavert mál kom inn á borð Neytendasamtakanna fyrr á árinu. Félagsmaður hafði lagt inn nokkrar evrur á gjaldeyrisreikning í banka hér á landi. Skömmu síðar þurfti hann að nota evrurnar og tók þær út úr bankanum. Hugðist hann taka út sömu upphæð en í millitíðinni hafði gengi íslensku krónunnar lækkað og því var félagsmaðurinn krafinn um fjármagnstekjuskatt á gengishagnað. Gekkt hann því út úr bankanum með færri evrur en hann hafði lagt inn í hann nokkrum vikum áður.

Neytendasamtökin sendu fyrirspurn til viðkomandi banka en einnig til ríkisskattsjóra og spurðu hvort þessi framkvæmd gæti staðist lög. Bæði bankinn og ríkisskattstjóri staðfestu að svo væri. Neytendasamtökin beina þeim tilmælum til löggjafarvaldsins að bæta snarlega úr þessari gloppu í lögum og hafa í því skyni sent erindi á fjármálaráðherra.

Hverju hefur EES breytt fyrir neytendur?

Breki Karlsson hélt erindi í Háskólanum í Reykjavík í apríl sl. undir yfirskriftinni Hverju hefur EES breytt fyrir neytendur? Tilefnið var að nú eru 25 ár liðin síðan Ísland gerðist aðili að evrópska efnahagssvæðinu. Breki segir í samtali við Neytendablaðið að aðild Íslands að EES hafi stórbætt stöðu íslenskra neytenda. „Mjög gott dæmi eru reikigjöld símfyrirtækja sem lögð voru af árið 2017. Þann 15. maí gekk síðan í gildi hámarksverð á símtöl milli EES-landa, sem er 0,19 evrur (26 ISK), og gjaldið mun stíglækka þar til eitt verð verður innan svæðisins. Þá er rétt að nefna líka að fljótlega munu landfræðilegar hömlur á netviðskiptum heyra sögunni til, svokallað „Geoblocking“. Þar með verður netverslunum gert skylt að selja og senda vörur til allra landa innan EES.“

Breki nefnir einnig til sögunnar CE-merkinguna, sem vottar að vörur uppfylli lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd, og samræmda löggjöf um efni og efnavörur (REACH), sem skiptir neytendur miklu máli. „Löggjöfin gildir m.a. um framleiðslu efna, markaðssetningu, útflutning, efnaskráningu, merkingar, notkun, takmarkanir og bann. Þá er ótalin samræming í matvælaöryggi og upprunamerkingum á matvöru, persónuvernd og samningum Evrópusambandsins við stórfyrirtæki eins og Google og Facebook, sem við ættum í erfiðleikum með að hafa áhrif á ef ekki væri fyrir EES samninginn,“ segir Breki að lokum.

Kalkað tyggjó – hækkað verð



Neytendasamtökunum barst ábending um að tyggjóum í pokum frá Extra hafi fækkað úr 25 í 21 en verðið haldist óbreytt. Það þýðir í raun 19% hækkun hvers tyggjóstykkis. Í kjölfarið fjallaði Morgunblaðið um málið og ræddi við Pál Hilmarsson, framkvæmdastjóra markaðssviðs heildverslunarinnar Innness. Hann skýrði nær fimmtungshækkunina á þá leið að tyggjóid hefði verið fært upp um gæðaflokk og fengið eiginleika „Professional línunnar og inniheldur núna meðal annars mikrókorn.“ Haft var eftir honum: „Eiginleiki vörunnar hefur breyst. Hún er orðin enn betri fyrir tennurnar og almenna tannheilsu.“

Í kjölfarið sendu Neytendasamtökunum Innnesi fyrirspurn um hvort fullyrðingin um að varan sé betri en áður fyrir tennur og tannheilsu væri studd gögnum og hvað átt væri við með „mikrókornum“.

Innnes gat ekki sýnt fram á að atvinnumannatyggjóid væri betra fyrir tannheilsuna en leikmannatyggjóid, en svaraði því til að mikrókornin væru úr „kalsíum fosfat fylliefni“. Örstutt leit á netinu leiðir í ljós að „kalsíum fosfat fylliefni“ eru skrauthvörf fyrir það sem í daglegu tali er kallað kalk. Þannig greiðir fólk nú 19% meira fyrir hvert Extra tyggjóstykki þar sem einhverjum markaðssnillingnum datt í hug að drýgja það með kalki.

Eftir stendur örökstudd fullyrðing um að tyggjóid sé betra fyrir tannheilsu en áður og hafa Neytendasamtökin sent ábendingu til Neytendastofu vegna villandi viðskiptaaðferðar og fer fram á að fyrirtækið sýni fram á réttmæti fullyrðingarinnar eða dragi hana ella til baka með fullnægjandi hætti.

Ódýr fót slitsterkari

Við höfum tilhneigingu til að trúá því að dýr föt séu af meiri gæðum en þau ódýrari og endist betur. Það getur líka vel verið raunin en þó ekki alltaf. Í háskólanum í Leeds var gerð gæðakönnun á nokkrum flíkum í ólíkum verðflokkum. Voru flíkur settar í álagspróf til að meta slitþolið og var niðurstaðan sú að ódýrar gallabuxur og stuttermabolir komu ekkert síður út. Ódýr tegund af gallabuxum reyndist til dæmis helmingi slitsterkari en merkjavörubuxur sem þó kostuðu tíu sinnum meira. Verstu útkomuna yfirhöfuð fengu merkjavörustuttermabolir. Nú er slitþolið ekki endilega það sem hefur mest um það að segja hvaða flíkur við kaupum en niðurstöðurnar eru áhugaverðar.

Aðbúnaður verkafólks undir smásjóni

Talið er að 60–75 milljónir manna starfi við fata- og skóframleiðslu í heiminum og berast ítrekað fregnir af slæmum aðbúnaði verkafólks og lágra launa í þessum geira. Samtökin KnowTheChain (þekktu keðjuna) hafa kannað til hvaða aðgerða 43 stærstu framleiðendur heims hafa gripið til að fyrirbyggja nauðungarvinnu hjá undirverktökum sínum. Adidas, Lululemon og Gap komu best út úr þessari rannsókn. Keðjan H&M var í sjöunda sæti og lúxusmerki eins og Louis Vuitton og Prada ráku lestina.

Smálánaólán

- meinsemd á markaði



Um árabíl hafa verið veitt smálán á Íslandi sem bera ólöglega okurvexti. Þetta hefur viðgengist þrátt fyrir að eftirlitsstofnanir og dómstólar hafi ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að vextirnir séu margfalt hærrí en heimilt er að innheimta samkvæmt lögum. Í febrúar féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur sem enn og aftur staðfestir að smálánafyrirtæki mega ekki beita furðulegum brögðum eins og að skylda lántakendur til að greiða flýtgjald eða kaupa rafbók til þess að geta fengið lán. Þá er staðfest í dómnum að Neytendastofu hafi verið heimilt að sekta smálánafyrirtæki fyrir brot á lögum um neytendalán. Þeim dómi hefur eigandi smálánafyrirtækjanna áfrýjað til Landsréttar.

„Að mati Neytendasamtakanna er beinlínis til skammar að okurlánarar geti starfað svo að segja óáreittir svo árum skiptir.“

Endurgreiðsla á ólöglegum lánnum

Það er afstaða Neytendasamtakanna að þeir sem hafa tekið smálán eftir 1. nóvember 2013 hjá fyrirtækjum sem starfa undir merkjum E-content, þ.e. Mula, Hraðpeningum, 1909 og Smálánnum, eigi kröfu á endurútreikning á lánnum sínum. Kredia varð gjaldprotta en virðist enn starfandi, væntanlega á nýrri kennitölu. Fyrirtækin hafa um árabíl innheimt ólöglega vexti og ætti enginn að greiða lán til baka fyrr en búið er að reikna út

skuldastöðu viðkomandi út frá löglegum vöxtum. Ásgeir Helgi Jóhannsson, lögmaður hjá Atlas lögmönnum, sat í starfshóp um endurskoðun á starfsumhverfi smálánafyrirtækja sem skipuð var af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Neytendablaðið spurði Ásgeir hvort líta mætti þannig á að lántakendum bæri ekki að greiða vexti af þessum lánnum þar sem vextirnir standast ekki lög: „Það liggur fyrir að mati samráðshópsins, og einnig ef tekið er mið af fyrrnefndri niðurstöðu héraðsdóms, að kostnaðurinn sem verið er að innheimta er langt umfram leyfileg hámarks laga um neytendalán. Það eitt gefur skýrt til kynna að kostnaðurinn af lánunum er ólögmaður og á neytandinn ekki að þurfa að greiða ólögmaðan kostnað.“

Lánshæfismat og upplýsingaskylda

Ásgeir segir að það séu þó nokkur atriði til viðbótar sem vert sé að skoða áður en krafa er greidd. „Í fyrsta lagi þá á alveg eftir að rýna hvort þessir aðilar hafi uppfyllt aðrar skyldur laga um neytendalán, t.d. varðandi upplýsingaskyldu um eiginleika lánanna, kostnað og hvernig til hans stofnast, innheimtu kostnaðar o.fl. Einnig liggur ekki fyrir hvort framkvæmt hafi verið lánshæfismat með fullnægjandi hætti í skilningi laganna, en ef lánshæfismat er ekki framkvæmt má ekki veita neytendalán. Sama gildir ef lánshæfismatið er neikvætt, en þessir aðilar hafa gjarnan beint markaðsetningu sinni að ákveðnum markhópi, sem eru þeir sem minnst mega sín og eru því ólíklegastir til þess að standast lánshæfismat. Miðað við þau gögn sem ég hef skoðað má færa góð rök fyrir því að upplýsingaskyldunni hafi ekki verið sinnt sem skyldi og það er erfitt að sjá hvernig og þá hvort þessi félög eru raunverulega að framkvæma lánshæfismat með viðeigandi hætti.“

Harka í innheimtu

Fyrirtæki sem heitir Almenn innheimta ehf. hefur séð um innheimtu á smálánaskuldum. Neytendasamtökin sendu Almennri innheimtu ehf. erindi fyrir um ári síðan og óskuðu skýringa á vinnubrögðum fyrirtækisins, sem virðist telja eðlilegt að innheimta ólögmet lán að viðbættum innheimtukostnaði. Engin svör bárust. Neytendasamtökin hafa hvatt lántakendur til að fá upplýsingar um höfuðstól lána og greiða hann til baka en biða átektu með vaxtagreiðslur. Það virðist hins vegar verulega erfitt að fá sundurliðun á skuldastöðunni frá Almennri innheimtu ehf. þannig að lántakendur sjái svart á hvítu hver höfuðstóll kröfunnar er. Þá hefur þeim brögðum verið beitt að hóta lántakendum því að þeir verði settir á vanskilaskrá greiði þeir ekki strax helming kröfunnar og rest samkvæmt samningi. Þessir sömu lántakendur fá þó ekki skýrt yfirlit yfir skuldastöðu sína og hafa því engar forsendur til að gera samninga við innheimtu-aðilann. Neytendasamtökin hafa sent kvörtun á úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands, sem fer með eftirlit með innheimtunni, vegna starfshátta Almennrar innheimtu ehf.

Creditinfo og vanskil

Margir lántakendur smálána hafa lent á vanskilaskrá en eins og áður segir eru lánin mjög fljót að hækka mikið. Margir þurfa raunar að taka fleiri smálán til þess eins að geta staðið í skilum á fyrri lánunum. Creditinfo skráir þessi vanskil en eftir að stjórn Neytendasamtakanna sendi frá sér ályktun og gagnrýndi vanskilaskráningar á ólögmetum lánunum breytti Creditinfo starfsháttum þannig að einungis vanskil á höfuðstól eru skráð. Ásgeir segir mikilvægt að lántakendur viti að þeir geta ávallt mótmælt vanskilaskráningu á þeim grundvelli að lánin og kostnaður vegna þeirra sé ólögmetur. „Til þess að fá skráningu afmáða þarf að mótmæla kröfunni með formlegum hætti, senda t.d. tölvupóst og síðan þarf að áframsenda þann tölvupóst á Creditinfo og biðja um að vera tekinn af vanskilaskrá þar sem ágreiningur sé um kröfuna. Creditinfo ber samkvæmt starfsleyfi sínu að verða við slíkri beiðni og þarf að afmá vanskilaskráningar frá lánveitendum sem veita lán með ólögmetum kostnaði.“

Skuldfærslur beint af reikningum og korti

Mörg mál hafa komið inn á borð Neytendasamtakanna sem varða skuldfærslur vegna smálána beint af bankareikningum eða kreditkortum lántakenda. Margir kannast ekki við að hafa veitt slíka heimild og hafa jafnvel skipt um banka frá því að lánið var tekið. Ásgeir segir þessar skuldfærslur orka tvímælis og rétt sé að vera vel vakandi fyrir því að smálánafyrirtæki séu ekki að seilast með þessum hætti inn á greiðslukort eða reikninga lánataka. „Lántakar, færsluhirðar og bankar þurfa að vera vel vakandi en heimild til skuldfærslu að beiðni lánveitanda sem viðtakanda greiðslu þarf að uppfylla ákveðin lagaskilyrði til þess að hún teljist lögmet. Heimild til skuldfærslu þarf að vera skýr og hafa verið sannanlega veitt af lánataka. Tilgreina þarf allar upplýsingar um kostnað og hvaða upphæð á að skuldfæra, og hún má ekki vera umfram það sem lán taki mátti vænta. Ef þessi skilyrði eru ekki til staðar getur lán taki átt rétt á því að fá skuldfærsluna bakfærða.“

Erindi vegna smálána

Neytendasamtökin hafa sent ótal erindi í gegnum árin vegna starfsemi smálánafyrirtækja.

Árið 2009 var erindi sent á efnahagsráðuneytið og kallað eftir því að böndum yrði komið á smálánastarfsemi.

Árið 2018 sendu samtökin erindi til atvinnuvegaráðuneytisins og í kjölfarið var skipaður starfshópur um starfsemi smálánafyrirtækja. Hópurinn skilaði skýrslu í febrúar 2019.

Árið 2018 sendu samtökin fyrirspurn til Almennrar innheimtu ehf. og spurðu hvers vegna fyrirtækið tæki að sér að innheimta ólögleg lán. Erindinu var aldrei svarað.

Fjöldmörg erindi hafa verið send í ár og beðið er svara við þeim flestum:

Kallað var eftir svörum við því hvers vegna Sparisjóður Strandamanna útbúi kröfur fyrir Almenna innheimtu ehf sem innheimti lán með ólöglegum vöxtum. Svör bárust þess efnis að verið væri að skoða málið.

Stjórn Neytendasamtakanna sendi frá sér ályktun og gagnrýndi að Creditinfo setti lántakendur smálána á vanskilaskrá vegna krafna sem byggja á ólögmetum lánunum. Í kjölfarið ákvað fyrirtækið að vanskilaskráning næði einungis til vanskila á höfuðstól lána.

Erindi var sent til fjármálaafyrirtækja og kallað eftir svörum við því hvers vegna ólöglegar smálánaskuldir væru skuldfærðar beint af bankareikningum eða kreditkortum lántakenda að þeim forspurðum.

Kæra var send til Úrskurðarnefndar lögmanna vegna innheimtuaðferða Almennrar innheimtu ehf.

Samtökin komu einnig á framfæri ábendingum til ríkis-lögreglustjóra, héraðssaksóknara og skattrannsóknarstjóra um það hvort ástæða væri til að rannsaka starfsemina í kjölfar fréttaskýringaþáttarins Kveiks. Jafnframt voru erindi send á Neytendastofu og Póst- og fjarskiptastofnun vegna ágengrar markaðssetningar. Þá hafa verið send erindi til danskra eftirlitsstofnana en smálánafyrirtækið Ecommerce 2020 sem á og rekur ólöglegu smálánastarfsemina á Íslandi gerir út frá Danmörku. Það liggur þó ljóst fyrir að lán sem veitt eru á Íslandi í íslenskum krónum falla undir íslensk lög.



NEYTENDA SAMTÖKIN

Í TÍMANS RÁS

Merkileg saga Neytendasamtakanna verður rifjuð upp í næstu tölublöðum. Starfsemi samtakanna spannar 66 ár og á ýmsu hefur gengið í gegnum tíðina. Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir sagnfræðingur skráði sögu Neytendasamtakanna en hún var varaformaður samtakanna um árabíl.

BRAUTRYÐJANDINN

Ekki verður svo vikið að stofnun Neytendasamtakanna að þar komi ekki mest við sögu óumdeildur brautryðjandi neytendaverndar hér á landi, Sveinn Ásgeirsson hagfræðingur. Hann hafði frumkvæði að stofnun Neytendasamtakanna og bar hitann og þungann af starfsemi þeirra fyrstu fimmtán árin.

Sveinn var fjölmenntaður og fjölhæfur maður. Hann hóf að sinna blaðamennsku á námsárunum, varð landsþekktur sem stjórnandi einhverra vinsælustu skemmtipáttanna í sögu Ríkisútvarpsins á árunum 1952–1960, var vel ritfær, afkastamikill rithöfundur um margvísleg efni, þýddi ýmis erlend rit og sinni útgáfumálum. Hann var hægur maður og ljúfur í viðkynningu, vel að sér um margvísleg málefni og eldhugi þegar því var að skipta, einkum hvað varðaði neytendamál og málefni blindra. Hann var sæmdur Gulllampanum, æðsta heiðursmerki Blindrafélagsins 1985, og er fyrst heiðursfélagi Neytendasamtakanna, frá 1986. Sveinn lést eftir langvarandi og erfið veikindi 7. júní 2002.



Sveinn Gunnar Ásgeirsson fæddist í Reykjavík 17. júlí 1925. Hann lauk stúdentsprófi frá MR 1944, fyrrihluta prófi í lögfræði við HÍ 1945–1950, stundaði nám við Stokkhólmsháskóla frá 1945 og lauk þaðan fil.kand. prófi í þjóðhagfræði, bókmenntasögu, heimspeki og listasögu 1950. Sveinn var fulltrúi borgarstjórans í Reykjavík 1950–1963 og formaður og framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna 1953–1968. Auk þess var hann ritstjóri Neytendablaðsins á þessu tímabili. Eftir það starfaði hann sjálfstætt, einkum að ritstörfum.

STOFNUN NEYTENDA-SAMTAKANNA

Stofnun Neytendasamtakanna á Íslandi ber að rekja til tveggja útvarperinda sem Sveinn Ásgeirsson flutti í Ríkisútvarpinu fyrrihluta vetrar 1952–1953. Þar ræddi hann almennt um bága stöðu íslenskra neytenda og tók fjölda dæma af ýmsu sem betur mætti fara í þeim efnum. Hugmyndin um hinn almenna neytenda sem tiltekinn hagsmunahóp var þá óþekkt hér á landi en dæmin sem Sveinn tók úr íslenskum hversdagsleika könnuðust flestir við og vöktu erindin verðskuldaða athygli. Góðkunningi Sveins, Jóhann Sæmundsson, tryggingayfirlæknir og fyrrverandi félagsmálaráðherra, hvatti hann eindregið til að stofna neytendasamtök sem fyrst. Þeir fengu til liðs við sig Jónínu Guðmundsdóttur, þá formann Húsmæðrafélags Reykjavíkur, og boðuðu þau þrjú til stofnfundar í Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll þann 26. janúar 1953. Fundurinn var vel sóttur, tóku margir til máls og var samþykkt að lýsa yfir stofnun samtakanna og kjósa bráðabirgðastjórn sem skyldi undirbúa framhaldsstofnfund. Á framhaldsstofnfundinum sem haldinn var 23. mars voru samþykkt lög Neytendasamtakanna og kosin tuttugu og fimm manna stjórn.

STARFSEMIN FYRSTU ÁRIN

Hugmyndin með svo fjölmennari stjórn var að fá sem flesta valinkunna einstaklinga til að ljá málefnum lið strax frá upphafi. En fjölmenn stjórn var þung í vöfum og var því kjörin þriggja manna framkvæmdanefnd á fyrsta stjórnarfundinum. Sveinn Ásgeirsson var kjörinn formaður samtakanna og gegndi hann formennsku í fimmtán ár eins og áður sagði. Auk þess var hann lengst af framkvæmdastjóri þeirra á tímabilinu. Á fyrsta stjórnarfundinum samtakanna var ákveðið að ráðast sem fyrst í útgáfu málgagns fyrir samtökin en fyrsta málið sem samtökin beittu sér fyrir var endurskoðun á reglum um afgreiðslutíma sölubúða. Loks var ákveðið eftir nokkrar umræður að árgjald félagsmanna yrði fimmtán krónur, þó einnig hefði komið fram tillaga um hærra árgjald. Fljótlega gáfu samtökin út Neytendablaðið, prentað í dagblaðsbroti og komu út þrjú tölublöð á því formi. Þessi frumraun í útgáfumálum varð engin gróðaleið fyrir samtökin enda fyrst og fremst hugsuð sem almenn kynningarstarfsemi. Þá hófu samtökin fljótlega útgáfu á ýmiss konar leiðbeiningarbæklingum sem áttu eftir að verða veigamikill þáttur í starfsemi þeirra á næstu árum.



mynd: Ari Káráson

Á myndinni sést Sveinn Ásgeirsson afhenda Jónasi Guðmundssyni eiganda fiskbúðarinnar að Tunguvegi 19 viðurkenningarskjal Neytendasamtakanna. Var viðurkenningin veitt fyrir „aðbúnað allan, umgengni og hreinlæti“. Sagði Sveinn af þessu tilefni að matvöruverslanir hefðu tekið miklum framförum hvað varðar hreinlæti en því miður stæðu fiskbúðir langt að baki öðrum matvöruverslunum. Fiskbúðin að Tunguvegi 19 var talin eiga mesta viðurkenningu skilið. Að sögn Sveins var haft samráð við heilbrigðiseftirlitið um veitingu viðurkenningarinnar.

Allt frá upphafi lýstu samtökin því yfir að það væri m.a. hlutverk þeirra að upplýsa og aðstoða almenna neytendur sem teldu sig órétti beitta í viðskiptum. Fljótlega tók fólk því að hringja heim til formanns samtakanna með margvíslegar umkvartanir. Þegar hringingum fjölgaði dag frá degi varð sýnt að samtökin yrðu að opna skrifstofu. Einhverjar vomur voru á sumum stjórnarmönnum um fjárhagslegt bolmagn til slíkrar ráðstöfunar en það varð þó úr að samtökin opnuðu skrifstofu að Bankastræti 7 í nóvember á stofnárinu.

Fljótlega eftir að skrifstofan var opnuð kom þangað lögfræðingur sem var til viðtals á virkum dögum, tvo til þrjá tíma á dag. Sá var Birgir Ásgeirsson, þá lögmaður hjá Reykjavíkurborg og bróðir formannsins. Sýndi hann mikinn dugnað og samviskusemi í starfi alla tíð. Strax á stofnárinu höfðu verkin verið látin tala. Í byrjun vetrar 1953, ári eftir að Sveinn hélt útvarpserindin, fór því ekkert á milli mála að Neytendasamtökin voru mætt til leiks í íslensku samfélagi.

ALPJÓÐLEGT SAMSTARF


Sveinn var heimsborgari. Þess nutu Neytendasamtökin í alþjóðlegum samskiptum. Hann hafði kynnt sér starfsemi Rannsóknarstofnunar heimilanna í Stokkhólmi og sumarið 1952 hittu hann að máli Lis Groes, formann Neytendaráðs danskra húsmæðra. Sveinn sat fund í París sem Efnahagssamvinnustofnunin hélt fulltrúum neytendaráða aðildarríkjanna. Sá fundur samþykkti ályktun um stofnun alþjóðlegra samtaka neytenda. Stofnfundur Alþjóðasamtakanna var síðan haldinn í Haag 1960.

Á þeim fundi kom fram að Neytendasamtökin á Íslandi eru þau þriðju elstu í heimi sem eiginleg neytendasamtök. Elstu samtökin eru þau bandarísku, stofnuð 1936 en næst elstu samtökin eru frönsk. Var fulltrúa Íslands sýndur sérstakur sómi á stofnfundinum enda gat Sveinn miðlað dýrmætri reynslu. Þá þótti einstakt að íslensku Neytendasamtökin skyldu veita félögum sínum lögfræðiaðstoð þeim að kostnaðarlausu.

*„Þá þótti einstakt
að íslensku
Neytendasamtökin
skyldu veita félögum
sínum lögfræðiaðstoð
þeim að kostnaðarlausu.“*

Skömmu eftir stofnfund Alþjóðasamtakanna tók fulltrúi Íslands þátt í OECD-ráðstefnu í París sem fjallaði einkum um vörumerkingar. Hann kynntist auk þess Colston W. Warne, forseta bandarísku neytendasamtakanna, sem sendi íslensku samtökunum árbók sína í 3000 eintökum, þrjú ár í röð. Framkvæmdastjórn Alþjóðasamtakanna hélt fund hér á landi til undirbúnings alþjóðþingi neytenda í Ísrael sama ár. Var formaður íslensku samtakanna einn forseta þingsins. Loks má svo geta um fund Norrænu neytendanevndarinnar í Alþingishúsinu 1967.

Framkvæmdastjórn IOCU (International organization of Consumer's Union) fundaði í Reykjavík 6 maí 1966. Samtökin voru stofnuð 1960 í Haag en á þeim fundi kom í hlut Sveins að halda fram sjónarmiðum smáríkja innan samtakanna.



Framkvöðull að stofnun Neytendasamtakanna í Bandaríkjunum fyrir 30 árum og formaður þeirra síðan, Colston E. Warne, ásamt konu sinni við komuna til Reykjavíkur 5. maí s.l. Karólína Sveinsdóttir afhenti frú Warne blómstönd frá Neytendasamtökunum. Lengst t.v. Sveinn Ásgeirsson.

Alþjóðleg samskipti af þessum toga virðast sjálfsögð á okkar tímum en voru mun meira fyrirtæki fyrir fjórum áratugum, löngu fyrir daga faxtækja og tölvupósts. Utanlandsferðir voru þá mun fátíðari en síðar varð. Það er því eftirtektarvert

hvernig íslensku Neytendasamtökin urðu virkir þátttakendur strax í upphafi og voru viðurkennd sem þau þriðju elstu í veröldinni.

GÖMUL BARÁTTUMÁL

Dagstimpils krafist

Í grein í Neytendablaðinu árið 1969 var fjallað um skort á merkingum matvöru en það heyrði til undantekninga að upplýst væri um síðasta sölundag. Skipti þá engu máli hvort varan væri innlend eða innflutt. Víða erlendis var skylt að merkja framleiðsludag matvöru og því eðlilegt að spurt væri hvort hér væri vísitandi verið að blekkja neytendur.

Erlendis er víðast hvar lagaleg skylda að dagstimpla umbúðir og segja þannig hver síðasti leyfilegi sölundagur, — á Íslandi er það nær óþekkt fyrirbæri. *Aðeins mjólkursamsölur dagstimpla vörur sínar á Íslandi þannig að neytendur geti séð það.*

Forstöðumaður stórs verzlunarfyrtækis hefur skýrt svo frá, að einstaka framleiðandi kjötvöru setji dagstimpil á vöru sína á Íslandi, en slíkur dagstimpill sé aðeins fyrir forstöðumenn verzlana þar sem almennir neytendur geti engan veginn skilið merkingu þeirra. Jafnvel dagstimplun af þessari tegund heyrir til undantekninga.

Tregða íslenskra framleiðenda við að setja dagstimpil á umbúðir utan um vöru sína er þeim mun furðulegri, þegar haft er í huga að slík merking verndar framleiðandann ekki síður en neytandann.

Íslensk framleiðsla seld sem ítölsk

Ítalska peysuskyrtan Keston, sem svo var auglýst, var hvorki framleidd á Ítalíu né úr ítölsku garni. Hér var í raun um alíslenska framleiðslu að ræða. Neytendasamtökin gátu ekki setið þegjandi undir þessari mjög svo villandi markaðssetningu. Seljandi hélt ótrauður áfram að auglýsa íslensku vöruna sem ítalska og fór svo að Neytendasamtökin sáu sig knúin til að leggja fram kæru fyrir sjó- og verslunardómi. Þetta var árið 1959.

YFIRLÝSING

frá Neytendasamtökunum varðandi „ítalska peysuskyrtu“

Stjórn Neytendasamtakanna þykir ástæða til að birta eftirfarandi kaupendum og seljendum til athugunar:

Undanfarið hefur mjög verið auglýst „Ítalska peysuskyrtan Smart Keston“. En hún er ekki ítölsk, heldur prjónuð í Reykjavík úr ullargarni, sem er ekki ítalskt heldur. Auglýsingarnar hafa verið þannig orðaðar, að gefið er í skyn, að um innflutta vöru sé að ræða. Peysurnar eru þannig merktar, að menn skyldu ætla, að þær séu erlendar. Tvö vöruauðkenni eru fest á peysurnar. Annað er ljósgrár borði, og er á hann prentað hérlendis: Pure Lambswool (sem er enska og merkir: hrein ull), en aftan við þau orð er stærðarmerki að enskum hætti, t. d. M, sem stendur fyrir Medium size, er þýðir meðalstærð. Fyrir neðan þetta vöruauðkenni er annað, lillablár borði, og er þar letrað:

X Italian X
Smart Keston

Framleiðanda er ekki getið, en í auglýsingum umboðs- og heildverzlunar.

Hér er á engan hátt verið að leggja dóm á vöruna sjálfa, en stjórn Neytendasamtakanna vill með þessu gagnrýna slíka verzlunarhætti. Hér er aðeins um að ræða eitt dæmi af fjölmörgum, sem sýna það, að brýna nauðsyn ber til að endurskoða reglur og lög um merkingu vara, eins og Neytendasamtökin hafa gert tillögu um.



Verðmerkingar á heilbrigðisstofnunum

Neytendasamtökunum barst fyrirspurn varðandi verðmerkingar og upplýsingaskyldu starfsfólks á spítölum. Málavextir voru þeir að einstaklingur fór á spítala vegna doða í andliti. Við almenna skoðun kom ekkert óeðlilegt í ljós en læknirinn taldi rétt að senda manninn í höfuðmyndatöku. Í myndatökunni sást ekkert einkennilegt og var maðurinn því sendur heim og sagt að sjá til. Þegar hann kom í afgreiðsluna fékk hann þær upplýsingar að þjónustan hefði kostað um 21.000 kr.

Í kvörtun mannsins til Neytendasamtakanna kom fram að hann hefði á engum tímapunkti fengið upplýsingar um það hversu mikið myndatökan kostaði og þar með ekki fengið færi á að taka upplýsta ákvörðun um hvort hún borgaði sig. Hann velti því fyrir sér hvort heilbrigðisstofnunum væri skylt að halda úti verðskrá sem og hvort starfsfólki bæri að upplýsa sjúklinga um kostnað við rannsóknir.

Óhætt er að segja að flækjustigið sé nokkurt þegar kemur að því að svara þessari spurningu enda þarf að taka tillit til ýmissa þátta. Má þar nefna eðli þjónustunnar sem og þann gífurlega fjölda þjónustubátta sem boðið er upp á en ekki síst greiðsluþátttökukerfið sem tryggir að einstaklingur greiðir ekki meira en ákveðna upphæð á ári vegna heilbrigðisþjónustu. Þá má nefna síðferðisleg álitæfni, s.s. hvort verð á þjónustu eigi að skipta máli þegar kemur að heilsu sjúklinga eða hvort sjúklingum eigi að vera veitt færi á að taka upplýsta ákvörðun í hverju tilfalli.

Í reglum um verðupplýsingar við sölu á þjónustu er kveðið á um skyldu söluaðila til að halda verðskrá yfir alla framboðna þjónustu. Reglurnar taka til fyrirtækja, einstaklinga, opinberra aðila og annarra sem selja þjónustu til neytenda og eiga að tryggja gagnsæi í verðupplýsingum. Í reglunum kemur fram að verðskrá skuli birt með áberandi hætti þar sem þjónustan er veitt. Neytendasamtökin sendu erindi á Neytendastofu og óskuðu svara við því hvort að framangreindar reglur ættu við.

Í stuttu máli fengu samtökin þau svör að reglurnar ættu ekki við í þeim tilfellum þar sem opinberir aðilar selja þjónustu er fellur utan atvinnustarfsemi, s.s. heilbrigðisþjónustu og rekstur sjúkrahúsa. Það gæti því væntanlega skipt sköpum hvort þjónusta er keypt af einkarekinni heilbrigðisstofnun eða opinberri.

Rétt er að nefna að Landspítalinn heldur úti á heimasíðu sinni nokkuð ítarlegri gjaldskrá yfir þá þjónustu sem spítalinn býður upp á og geta þeir sem þangað leita séð hvaða kostnaður býr að baki öllum helstu þjónustuliðum. Telja Neytendasamtökin að slíkt sé til eftirbreytni.

Neytendastarf er í allra þágu

Arion banki
Atlantsolía
Bananar
Bónus
Hagkaup
Íslandsbanki
Kjörbúðin
Krambúðin

Krónan
Kvika
Landsbankinn
MS
Myllan
Nettó
Olís
Samkaup

Sjóvá
Skeljungur
TM
Vínbúðin
VÍS
Vörður tryggingar

Frá formanni

Verk að vinna

Daglega berst samtökunum fjöldi tilkynninga frá félagsmönnum og öðrum um kaldrifjaða lævísí smálánastarfseminnar sem klófestir fólk í vítahring ólöglegra skulda. Allt sómakært fólk er sammála um skaðsemi ólöglegra smálána og því er með ólíkindum hversu torsótt hefur reynst að uppræta starfsemina. Við höfum að undanförnu beint athyglinni að þeim aðilum sem gera smálánafyrirtækjum kleift að starfa með einum eða öðrum hætti. Við höfum sent á fjórða tug erinda og fyrirspurna til fyrirtækja og opinberra aðila til að vekja athygli á starfseminni og hvetjum heiðvirð fyrirtæki til að láta af stuðningi við ólöglega smálánastarfsemi.

Við höfum einnig brugðist við kvörtun félagsmanna vegna svokallaðrar skyldumætingarkröfu flugfélagsins Icelandair (e. No-show clause). Mæti farþegi ekki í flug Icelandair fellir félagið niður aðra leggi, áframhaldandi flug og heimflug. Pennan skilmála telja Neytendasamtökin afar ósanngjarnan og ganga í berhögg við lög. Í Evrópu hafa nýlega gengið dómur þar sem sambærilegir skilmálar hafa verið dæmdir ólöglegir. Samtökin funduðu með stjórnendum Icelandair og kröfðust þess að þessir skilmálar yrðu felldir út gildi. Boltinn er nú hjá félaginu.

Barátta evrópskra neytendasamtaka gegn fólsum á kílómetrastöðu í notuðum bílum heldur áfram. Krafan er einföld: Að bílaframleiðendur girði fyrir möguleika á mælafalsinu. Neytendasamtökin eru þátttakendur í þessu samstarfi enda hefur Procar-málið vakið athygli langt út fyrir landsteinana.

Nýlega úrskurðaði samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið að álagning Orkuveitu Reykjavíkur á vatnsgjaldi væri ólöglegt og að henni bæri að endurgreiða félagsmanni Neytendasamtakanna oftekin gjöld. Við höfum nú sent Orkuveitu Reykjavíkur erindi þar sem óskað er eftir viðbrögðum við úrskurðinum og hvernig veitan muni standa að endurgreiðslu oftekinna gjalda annarra notenda sinna.



Þá eru ótaldar umsagnir til nefnda Alþingis um frumvörp til laga. Frá áramótum hafa samtökin sent 20 slíkar umsagnir og talað máli neytenda en þar etja þau kappi við hagsmunagæsluhópa bænda, fjármálafyrirtækja, iðnaðarins, verslunarinnar og margra fleiri.

Neytendasamtökin á Íslandi eru hlutfallslega stærst allra neytendasamtaka í heiminum, en um það bil fertugastiogþriðji hver Íslendingur er félagsmaður í samtökunum. Danmörk kemst að því best er vitað næst Íslandi í þessum efnum, en nærri hundradasti hver Dani félagsmaður í neytendasamtökunum Tænk. Þrátt fyrir það eru Neytendasamtökin á Íslandi ekki eins sterk og þau gætu verið. Til að mynda eru þau einu neytendasamtökin á Norðurlöndum sem fá enga beina styrki frá stjórnvöldum. Norska ríkið greiðir allan rekstrarkostnað norsku samtakanna og í Danmörku fá dönsku systursamtökin um þriðjung tekna sinna í beinan styrk frá ríkinu, fyrir utan ýmiskonar þjónustusamninga.

Neytendasamtökin hafa kallað eftir skýrri neytendastefnumótun stjórnvalda. Staða neytendamála á Íslandi hverju sinni er háð því hvernig staðið er að umgjörð hennar. Neytendamálum er gefinn gaumur eftir því hversu mikil áhersla er lögð á þau.

Breki Karlsson



Skyldumætingarkrafa Icelandair - Heimferð höfð af fólki

Til Neytendasamtakanna leitaði félagsmaður sem sagði farir sínar í viðskiptum við Icelandair ekki sléttar.

Maðurinn átti erindi til Brussel og keypti flugmiða fram og til baka með Icelandair. Vegna vinnu sinnar þurfti hann að hnika til fyrri legg ferðar sinnar. Kostaði sú breyting rúmar 41.000 (en nýlega allt að fimmfaldaði Icelandair upphæð breytingagjalda og eru þau nú frá 25.000 kr. til 40.000 kr.).

Félagsmaðurinn fann ferð aðra leiðina á rúmar 33.000 og hafði samband við Icelandair til að kanna hvort hann gæti sleppt því að mæta í fyrri legg ferðarinnar en nota heimferðina eftir sem áður. Hann fékk þau svör að því miður væri engin leið til að komast framhjá þessum gríðarlega háu breytingargjöldum og að ef hann sleppti því að ferðast á fyrsta fluglegg í miðanum sínum þá félli bakaferð niður og miðinn ónýttist. Það borgaði sig því frekar að breyta fyrri legnum með ærnum tilkostnaði en að kaupa nýtt flug út.

Svipuð mál hafa á undanförunum árum komið á borð Neytendasamtakanna og í þeim málum sem samtökin hafa hlutast til um fyrir félagsmenn sína hefur fyrirtækið yfirleitt horft í gegnum fingur sér og hagað málum viðskiptavinum sínum í hag. En frá og með mars síðastliðnum gerðist eitthvað í starfsumhverfi Icelandair og síðan þá hafa Neytendasamtökin skynjað breytingu hvað þetta varðar, því harðar hefur verið tekið á málum viðskiptavina og minna lituð til aðstæðna. Þessi tilfinning starfsmanna Neytendasamtakanna var staðfest á fundi með fulltrúum fyrirtækisins þar sem fram kom að hér eftir yrði farið nákvæmlega eftir bókstaf skilmálanna.

Neytendasamtökin ítreka þá kröfu sína, sem þau hafa á undanförunum misserum haldið fram við Icelandair, að fyrirtækið falli frá skilmálum sínum um skyldumætingu, enda séu þeir afar ósanngjarnir, brjótí í bága við góða viðskiptahætti og brjótí gegn 36. grein samningalaga.

Nýlega hafa fallið dómur á evrópska efnahagssvæðinu í málum gegn KLM og Iberia þar sem sambærilegir skilmálar voru dæmdir ólöglegir. Hvergi í öðrum neytendaviðskiptum eru dæmi um að fólki sé refsað fyrir að nýta aðeins hluta keyprar þjónustu og að seljandi geti neitað að afhenda vöru eða þjónustu sem viðskiptavinurinn hefur greitt fyrir. Þessu mætti líkja við að fólki sem ætti ársmiða í leikhús væri meinaður aðgangur að seinni sýningum ef það kæmist einhverra hluta vegna ekki á þá fyrstu. Nú eða að fólki sem ætti miða á knattsþyrnuleik væri meinaður aðgangur að seinni hálfleik ef það kæmist einhverra hluta vegna ekki á fyrri hálfleik.

Skyldumætingarkrafa (e. No-show clause) er ákvæði sem sum flugfélög setja í skilmála sína. Í grunninn þýðir það að farþegi sem ekki mætir í fyrri legg flugferðar fær ekki að nýta sér seinni legg (tengiflug eða heimflug) né heldur fær hann endurgreitt. Farþeganum er þannig refsað fyrir að mæta ekki í flug sem hann hefur þó greitt fyrir. Neytendasamtökin, sem og evrópsk systursamtök, hafa lengi gagnrýnt þessa skilmála og telja þá ósanngjarna.



Greitt fyrir gömul tölvupósthólf sem enginn notar

Mikið hefur borið á kvörtunum og fyrirspurnum félagsmanna vegna reikninga fyrir gömul tölvupósthólf sem oft og tíðum eru löngu hætt í notkun. Dæmi eru um áratuga gömul pósthólf sem stofnuð hafa verið hjá fyrirtækjum sem með einhverjum hætti hafa lent undir eignarráði Sýn hf. (svo sem Vodafone) sem hefur síðan gjaldtöku vegna pósthólfanna. Málavextir eru alla jafnan þannig að fólk hefur stofnað tölvupósthólf og þá eflaust samþykkt skilmála fyrir því. Málin sem samtökunum hafa borist eiga það öll sameiginlegt að ekkert gjald var tekið vegna pósthólfanna í upphafi. Á einhverjum tímupunkti hefur fólki verið send tilkynning um skilmálabreytingu sem felur það í sér að gjald verði framvegis tekið vegna pósthólfins. Miðað við þær upplýsingar sem samtökin hafa undir höndunum virðast þessar tilkynningar berast sem undirmálmáttætti á reikningum, sem oft og tíðum berast bara rafrænt. Á eigin síðum einstaklinganna á vefsvæði Vodafone, og samkvæmt svörum Vodafone, er auk þess reynt að hafa samband með smáskilaboðum eða tölvupósti. Það virðist þó afar algengt að umræddar tilkynningar fari fram hjá fólki, hugsanlega þar sem fólk fer misjafnlega vel yfir reikningana sína, auk þess sem þeir geta verið nokkuð flóknir. Þá er umfang viðskiptanna misjafnt og fara því sumir sárásjaldan eða aldrei inn á eigin síður á vefsíðu fyrirtækisins. Ef að tilkynning um skilmálabreytingu berst einnig í tölvupósti virðist hún jafnframt auðveldlega fara fram hjá fólki, sér í lagi ef tölvupósturinn berst á netfang sem ekki er í notkun.

Lágt gjald fer fram hjá mörgum

Mánaðargjaldið nemur ekki hárrí fjárhæð en einmitt það getur haft þau áhrif að einstaklingar sem þegar eru í viðskiptum við fyrirtækið taka ekki eftir því þegar gjalddagan hefst. Það sem einkennir kvartanir vegna þessara mála er m.a. hversu lengi gjalddaga hefur staðið yfir án þess að einstaklingar átti sig á því að þeir séu að greiða fyrir pósthólf sem ekki er notað. Samtökunum barst mál frá einstaklingi sem hafði hætt í nánast öllum viðskiptum við fyrirtækið og eini þjónustuliðurinn sem stóð eftir

var geymsla á heimasímanúmeri. Reikningar vegna þjónustunnar voru greiddir í gegnum greiðsluþjónustu viðskiptabanka og tilkynningin fór fram hjá viðkomandi. Hann tók því ekki eftir því fyrr en seint og um síðir að Vodafone var byrjað að rukka mánaðargjald fyrir gamalt pósthólf sem hafði ekki verið í notkun í fjölda ára.

Hafa brugðist jákvætt við

Rétt er að taka fram að Vodafone hefur brugðist mjög jákvætt við þeim milligöngumálum sem samtökin annast og fellst í flestum tilfellum á kröfur neytenda um endurgreiðslu. Í svari Vodafone við almennri fyrirspurn Neytendasamtakanna vegna gjaldheimtunnar kom auk þess fram að fyrirtækið beindi þeim fyrirmælum til þjónustustarfsfólks að leiðrétta eða eftir atvikum fella niður reikninga einstaklinga sem nýta sér ekki pósthólf. Þar sagði jafnframt að reynt væri að tryggja að einstaklingar sem skráðir væru fyrir pósthólfum sem um langt skeið hefðu ekki verið í neinni notkun fengju ekki slíka reikninga heldur færu pósthólfir fremur í gegnum ákveðið lokunarferli. Nýjasta tilkynning Vodafone í þessu sambandi var á þann veg að ef reikningur fyrir pósthólfi væri ekki greiddur yrði pósthólfi lokað og ógreiddir reikningar felldir niður.

„Neytendasamtökin hvetja fólk til að fara vel yfir fjarskiptareikninga sína en beina jafnframt þeim tilmælum til fyrirtækja að fá samþykki fyrir skilmálabreytingum áður en að gjalddaga hefst – ekki síst þar sem verið er að hefja gjaldtöku á þjónustu sem áður var ókeypis.“



Spurt og svarað



Katrín Björg Ríkarðsdóttir
framkvæmdastýra Jafnréttisstofu

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Ég held að ein bestu kaup mín hafi verið notuð kápa frá ægilega finu merki sem ég keypti í gegnum grúppu á Facebook og kostaði 5000 kr. Þetta er virkilega falleg flík og klæðileg og hefur örugglega kostað a.m.k. einu 0-i meira en ég greiddi fyrir hana.

Hver eru verstu kaupin?

Það eru alveg örugglega bílkaupin sem við hjónin gerðum rétt fyrir hrun. Við keyptum rándýran bíl á erlendum lánum. Í þökkabót var hann ótrúlega bilanagjarn og allir varahlutir á uppsprengdu verði. Við vorum svo fegin þegar við seldum hann að við ákváðum að vera bíllaus í nokkra mánuði til að ná okkur niður.

Áttu neytendaráð sem þú vilt deila?

Huga að kolefnissporinu. Kaupa vörur sem framleiddar eru í heimabyggð eða þarf að flytja sem stysta leið og eru í sem minnstum umbúðum. Já og muna eftir að vera alltaf með fjölnotapoka í töskunni/vasanum.

Hvað læturðu helst fara í taugarnar á þér?

Ég læt umbúðafargan fara mjög mikið í taugarnar á mér.

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Ætli það hafi ekki verið á veitingastað við hringveginn núna fyrir stuttu. Þar var ótrúlega jákvæður og glaður þjónn sem hafði verið á Íslandi í 3 vikur en var strax farinn að leggja sig fram við að læra íslensku. Maturinn var hins vegar einn sá verstí sem ég hef bragðað en það er nú annað mál.

Ferðu vel með peninga?

Já, ég myndi segja það. Ég reyni að kaupa ekki óþarfa og leiðist fátt meira en að safna græjum og hlutum. Ég held ég myndi flokkast með töluvert mikinn og fjölbreyttan íþrótt- og útivistaráhuga en kaupir helst ekki fatnað og græjur nema að geta notað þær í fleira en eitt sport. Hlaupajakki virkar t.d. líka fint á gönguskiði og hjól.

Hver er þinn helsti neytendaveikleiki?

Ætli það sé ekki helst fljótfærni, að gefa mér ekki tíma til að bera saman vörur, verð og gæði og stökkva bara á fyrsta kost.



Óli Jón Jónsson
kynningarfulltrúi BHM

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Það var þegar ég keypti hrærivélina á hrunútsölu. Við hjónin vorum lengi búin að láta okkur dreyma um KitchenAid en höfðum aldrei tímt að kaupa slíka vél. Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 fóru margar verslanir á hausinn eða hættu starfsemi, m.a. raftækjaverslun sem ég man ekki lengur hvað hét. Þar var efnt til rýmingarsölu og við kræktum í síðustu KitchenAid-vélina á fáránlega góðu verði.

Hver eru verstu kaupin?

Jeppinn sem ég keypti í fyrrasumar. Sú fjárhæð sem ég hef þurft að verja í varahluti og viðgerðir á þessu eina ári er næstum því jafnhá og kaupverð bílsins.

Áttu neytendaráð sem þú vilt deila?

All you need is less.

Hvað læturðu helst fara í taugarnar á þér?

Að kapítalisminn reynir sífellt að sannfæra okkur um að við þurfum að kaupa meira dót sem við höfum í raun ekkert við að gera og veldur bara skaða á umhverfinu og ógnar framtíð barnanna okkar. Það fer mjög í taugarnar á mér að við – mannkynið – höfum haft mjög skýrar vísbendingar um hlýnun jarðar af mannavöldum í meira en 20 ár en samt eykst losun gróðurhúsalofttegunda ár frá ári. Homo sapiens hvað? (Já já, ég veit, ég hefði aldrei átt að kaupa þenna jeppa).

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Á þjónustustöð N1 við Bíldshöfða í Reykjavík.

Ferðu vel með peninga?

Stundum en stundum ekki, eins og dæmin sanna.

Hvað þyrfti helst að breytast á Íslandi neytendum til hagsbóta?

Samkeppnin mætti vera meiri á flestum sviðum. Það væri líka til bóta ef við fengjum sterkari og stöðugri gjaldmiðil og þar með lægri viðskiptakostnað og vexti.



Sigurlína Sigurðardóttir

starfar hjá Neytendasamtökunum og situr einnig í stjórn þeirra



Skapti Hallgrímsson

blaðamaður

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Gönguskór sem ég keypti fyrir 30 árum og nota enn. Þeir voru dýrir og vandaðir en vel þess virði miðað við mikla notkun og einstaklega góða endingu.

Hver eru verstu kaupin?

Úlpa sem ég keypti á yngsta son minn í haust. Hún var rándýr en alls ekki verðsins virði því ég held að allir saumar á úlpunni hafi meira og minna gefið sig áður en veturinn endaði.

Áttu neytendaráð sem þú vilt deila?

Ekki fara svangur að versla í matinn og ekki fara korter í veislu að kaupa fót sem þú ætlar að nota í veisluna. Það getur hæglega endað illa.

Hvað læturðu helst fara í taugarnar á þér?

Ég reyni yfirleitt að láta hlutina ekki fara í taugarnar á mér. Það eru þá helst hin ýmsu þjónustugjöld sem lögð er á ótrúlegustu hluti, t.d. hjá bönkum, pósthúsum og víðar, sem ég læt fara í taugarnar á mér og svo afgreiðslufólk sem gerir mannamun.

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Það eru nokkrir staðir þar sem ég fæ alltaf góða þjónustu. Síðast var það í Nexus en þangað kom ég með inneignarnótu sem ómögulegt var að sjá hvaða upphæð var á. Ég átti því von á að þetta væri tapaður peningur en í staðinn fékk ég þetta fina bros frá afgreiðslumanninum og hann sagði mér að hjá Nexus væru inneignarnóturnar skráðar á kennitölu. Frekar flottir viðskiptahættir þar á ferð.

Hver er þinn helsti neytendaveikleiki?

Bækur, ég er ópolandi bókasjúklingur. Bókabúðir er minn akkilesarhæll.

Hvað þyrfti helst að breytast á Íslandi neytendum til hagsbóta?

Aukin samkeppni, meðvitaðri neytendur, viðskiptahættir þar sem gott siðferði er haft að leiðarljósi og sterk Neytendasamtök þar sem fjárskortur hamlar ekki vinnu í þágu íslenskra neytenda.

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Öll ferðalög fjölskyldunnar. Minningar okkar hjóna og dætranna verða ekki metnar til fjár og endast öllum til æviloka.

Hver eru verstu kaupin?

Líklega alls kyns fatnaður sem ég hef keypt í gegnum tíðina, þegar ég var einn á ferð og var víst ekki jafn fallegur og mér þótti í versluninni. Konan og dæturnar eiga það til að láta eitt og annað hverfa af því dóti.

Áttu neytendaráð sem þú vilt deila?

Skipuleggja hvað á að vera í matinn, til dæmis viku fram í tímann, jafnvel lengur. Hljómar hugsanlega sem óþarf, og ef til vill snúið verkefni, en kemst strax upp í vana og endar jafnvel sem skemmtilegur fjölskyldufundur. Hægt að spara mikið með þessu. Hvet fólk til að gera matseðil og kaupa bara það sem þarf. Ekki eitthvað sem það heldur að hugsanlega verði einhvern tíma þörf fyrir og endar svo í ruslinu.

Hvað læturðu helst fara í taugarnar á þér?

Óvirðingu fyrir neytandanum. Óeðlilega háa álagningu – græðgi – svindl. Veit varla hvað er best að kalla það.

Ferðu vel með peninga?

Í seinni tíð geri ég það, að eigin álit. Að sumu leyti tilneyddur, eftir að ég missti vinnuna og varð eigin herra.

Hver er þinn helsti neytendaveikleiki?

Bækur og harðfiskur! En ég sé reyndar aldrei eftir peningum sem fara í þær nauðsynjar. Og það, að sögn dætra minna, að ég fer víst aldrei sjálfur eftir þeirri góðu reglu sem ég nefndi áðan, að kaupa bara það í matvörubúðinni sem ég þarf örugglega á að halda.

Hvað þyrfti helst að breytast á Íslandi neytendum til hagsbóta?

Ég sé ekki betur en krónan verði áfram gjaldmiðill okkar, almennra borgara lýðveldisins, svo aukin vitund neytenda sjálfra og þar með aukið aðhald, gagnvart seljendum vöru og þjónustu, væri líklega mikilvægasta breytingin. Ekki kaupa neitt á fátánlegu verði. Fólk á ekki að láta bjóða sér hvað sem er.



Júlía á markaði í Flórens

Í tísku að eltast ekki við tískuna

Fatasóun er eitt heitasta umhverfismálið þessa dagana. Þótt neikvæð umhverfisáhrif fataframleiðslu séu mikil og ekki vanti fleiri flíkur í heiminn er ekkert lát á framleiðslunni. Neytendur eru vissulega orðnir meðvitaðri um neikvæð áhrif fatasóunar en tískan er harður húsbóndi.

Áhersla á gæði

Neytendablaðið tók Júlíu Grønvaldt tali en hún stundar nám í Flórens á Ítalíu, í tísku, almannatengslum og listrænni stjórnun við skólann IED. Júlía segir að neytendur séu að verða meðvitaðri en það sé samt mjög ríkt í fólki að eltast við tískuna. „Seljendur halda neytendum við efnið og sjá til þess að hafa alltaf eitthvað nýtt og spennandi á boðstólum. Markmiðið er auðvitað að selja sem mest og föt eru jafnvel ekki hönnuð með það að markmiði að endast. Ítalir eru þó kannski svolítið sér á parti enda leggja þeir mikla áherslu á að ganga í vönduðum og smekklefum fötum. Þetta er eflaust misjafnt eftir héruðum en í Flórens er mikil hefð fyrir textílfraðmleiðslu og leðurvinnslu og fólk er mjög meðvitað um það hvað felst í gæðavöru. Það skoða til dæmis allir miðana innan á flíkum sem ég hef eiginlega aldrei séð neinn gera hér heima.“

Samnýta Gucci-bolinn

Júlía segir að það þessi tilhneiging Ítala til að velja vönduð og góð föt sé umhverfisvæn því fötin ættu að endast betur. „Ég upplífi þó ekki að yngri kynslóðin sætti sig við að ganga lengi í sömu



Notuð föt í verslun Angelo

fötum. Það er mikil neysla í gangi og mikill fókus á merkjavöru. Mér fannst því mjög jákvætt þegar vinur minn sagði mér frá því að hann ásamt tveimur öðrum hefði keypt sér Gucci-ból sem þeir skiptast á að nota. „Júlía segir að einhvern tíma hefði þetta eflaust þótt mjög örvæntingarfullt en þarna komi einn bolur í stað þriggja sem bæði spari pening og sé betra fyrir umhverfið.

Kauptu minna og vandaðu valið

Segja má að það sé ákveðin tískla í dag að vera meðvitaður um neikvæð áhrif tískuvarnings. „Breski hönnuðurinn Vivienne Westwood er þó ein þeirra sem alltaf hefur lagt mikla áherslu á sjálfbærni og tímalaus hönnun og reyndar verið langt á undan sinni samtíð. Hún hefur lengi notað slagorðið *Buy Less, Choose Well and Make It Last* (kauptu minna, vandaðu valið og nýttu vel). Hún hvetur fólk til að kaupa færri flíkur og vandaðri og segir föt í raun allt of ódýr. Katharine Hamnett er einnig þekkt fyrir að senda skýr skilaboð í sinni hönnun. Hún er aðgerðarsinni og ekki síst fræg fyrir stuttermaboli með alls kyns pólitískum skilaboðum. Hún klæddist einum slíkum í opinberri heimsókn í Downing Street árið 1984 og kom þáverandi forsætisráðherra Margaret Thatcher í opna skjöldu. Á bolnum stóð „58% vilja ekki kjarnaodda“. Fjölmargir fleiri hönnuðir hugsa á sömu nótum og þeim fjölgar eflaust eftir því sem fólk spáir meira í þessi mál.“

Einstakt safn

Júlía vinnur nú lokaverkefnið sitt um fyrirtæki sem heitir A.N.G.E.L.O og selur vintage-föt í verslun í Lugo á Ítalíu. Eigandinn, Angelo Caroli, á auk þess ómetanlegt safn af um 120.000 vintage-flíkum og fylgihlutum héðan og þaðan úr heiminum og frá ólíkum tímum. Safnið er mikilvæg heimild um tísku og handbragð fyrri tíma og segir Júlía margar flíkurnar eftirsóttar fyrir sýningar, söfn eða í myndatökur. Safnið nýtist einnig í rannsóknarvinnu hjá hönnuðum, ekki síst þegar horft er til næstu vörulínu. „Viku áður en ég fór með skólanum að skoða safnið hafði teymi frá Louis Vuitton verið á staðnum til að fá innblástur. Tískuhúsin eru jafnvel að koma til skoða sína

eigin hönnun frá fyrri áratugum því mörg hver eiga ekki sjálf fjölbreytt safn. Nú er unnið að því hjá Angelo að setja allt safnið á vefinn þannig að fólk hvaðanæva að geti skoðað safngripina og pantað til leigu.“

Ekki eltast við tískuna

Júlía segir Angelo Caroli hafa byrjað að safna notuðum flíkum á sjöunda áratugnum og selt þær síðan til að byrja með úr skottinu á bílnum sínum. „Angelo hefur alltaf lagt áherslu á gæði og endingu og er ekki með offramboð af fötum eins og oft er í vintage-búðum Fyrirtækið hans hefur náð að lifa lengi en mér finnst það aldrei hafa átt jafn mikið erindi og nú. Tískuheimurinn gengur út á að fá fólk til að eltast við nýjasta „trendið“ en fyrir mér er það hugarfar sem virkar ekki þegar til lengri tíma er litið og drepur alla sköpunargleði. Markmið tískugeirans er vissulega að hvetja til meiri neyslu. Við eigum hins vegar að vera óhrædd við að klæðast fötum sem okkur þykja falleg óháð öllum tískustráumum markaðarins og skapa okkar eigin stíl.“

Hugtakið notuð föt virðist notað jöfnum höndum um það sem á ensku heitir second hand föt og vintage-föt (stundum kallað tímabilsflíkur eða tímabilstískla). Á þessu er þó greinarmunur sem í grófum dráttum er þessi:

Second hand er hugtak notað yfir föt sem hafa áður verið í eigu og notuð af einhverjum öðrum. Vintage stendur aftur á móti fyrir föt sem eru af miklum gæðum og gjarnan er talað um að vintage föt séu eldri en 20 ára. Vintage stendur hér fyrir tímabil.

Aukin ásókn í avókadó

Avókadó þykir bæði hollt og gott enda eykst neyslan á heimsvísu með ári hverju. Í Danmörku hefur avókadóneyslan tvöfaldast á síðustu 10 árum og má ætla að þróunin sé svipuð hér á landi. Árið 2017 var heimsframleiðsla á avókadó rétt um 6 milljónir tonna og er Mexíkó langstærsti framleiðandinn. Mikil avókadóræktun er einnig í löndum Suður-Ameríku og reyndar víða um heim. Þá er töluverð ræktun á Spáni, sem er stærsti avókadóframleiðandi í Evrópu. Nýlega bárust af því fréttir að Kína hefði gert viðskiptasamning við Kenýa sem meðal annars felur í sér að 40% af avókadóframleiðslu Kenýa fer á Kínamarkað.

Vatnsfrek ræktun

Aukin ásókn í avókadó hefur sínar skuggahliðar. Það þarf óhemju magn af vatni til að rækta avókadó eða 70 lítra fyrir hvern ávöxt. Til samanburðar þarf 22 lítra til að framleiða eina appelsínu og fimm lítra til að framleiða einn tómata. Vissulega eru hitaainingarnar í einu avókadó miklu fleiri en í tómata eða appelsínu en þessi mikla vatnspörf setur mikið álag á vistkerfi þar sem skortur er á vatni. Á síðasta ári bárust fréttir af ófremdarástandi vegna avókadóræktunar í Petorca-héraðinu, sem er eitt stærsta avókadóræktunarsvæði Chile. Þar höfðu ræktendur lagt ólöglegar vatnsleiðslur úr vötnum og ám til að vökva avókadóakrana. Þetta hefur haft í för með sér þurrka og neyðast íbúar í Petorca til að nota mengað vatn sem er flutt til þeirra í tankbíl. Árið 2011 birtu yfirvöld í Chile skýrslu sem byggði á gervitunglamyndum sem sýndu fjölmargar ólöglegar áveitur sem nýttar voru til að vökva ræktunarland í einkaeigu. Í framhaldinu voru nokkur stórfyrirtæki dæmd sek um lögbrot.

Kaupa stuðning samfélagsins

Íbúar sem berjast gegn yfirgangi fyrirtækjanna sem eiga avókadóræktina og mótmæla ástandinu hafa orðið fyrir hótunum og áreiti. Í viðtali við breska blaðið The Guardian sagðist aðgerðarsinninn Rodrigo Mundaca ekki vilja flytja burt en ástandið væri óþolandi. Ekki sé hættulaust að drekka aðflutt vatn þótt það eigi að heita hreinsað og því þurfi íbúar að sjóða vatnið og kaupa vatn á flöskum. Rodrigo segir sum fyrirtækin kaupa stuðning

samfélagsins með því að byggja kirkjur, félagsmiðstöðvar og fót-boltavelli. Þegar fólk kvartar undan vatnsskorti hóta fyrirtækin að draga úr stuðningi og þá þagnar fólk aftur. Veronica Vilches vinnur hjá vatnsveitu í Petorca og hún er allt annað en sátt við ástandið. Íbúana skorti vatn á meðan tryggt sé að avókadótrén skorti aldrei vatn. Þurrkurinn ógni heilsu fólks og það þurfi að velja og hafna í hvað það noti vatnið á meðan fyrirtækin sem eiga ræktunina græði á tá og fingri.

Þarf að ráðast að rót vandans

Eftir að fréttir af aðstæðum í Petorca birtust í fjölmiðlum fundu seljendur fyrir auknum þrýstingi frá neytendum sem vilja geta keypt sín avókadó með góðri samvisku. Seljendur brugðust við með því að lofa að skoða málið og gera frekari kröfur á sína birgja. Einhverjir notuðu tækifærið og bentu á að fólk sem skipti yfir í grænmetisfæði af umhverfisástæðum væri kannski að gera illt verra. Í breska blaðinu the Independent benti pistlahöfundurinn Amy Booth á að það væri fullgefna að kenna neytendum – sérstaklega ungu fólki sem er umhugað um vistspor sitt – um ástandið í Petorca. Þótt það þurfi mikið vatn við framleiðslu á avókadó kemst það þó ekki í hálfkvísi við það vatnsmagn sem þarf í nautakjötsframleiðslu. Neytendum berast í sífellu fréttir um vatnsskort vegna ræktunar á hinum og þessum mat, hvort sem það er aspasrækt í Perú eða sykurreyræktun á Indlandi. Þótt það geti haft tímabundin jákvæð áhrif að sniðganga einstaka tegundir sé mikilvægt að missa ekki sjónar á undirliggjandi



vanda og hann sé ekki neytendum að kenna. Í tilfalli Petorca verður vandamálið fyrst og fremst leyst með því að stjórnvöld í Chile verndi vatnsréttindi íbúa landsins, að ræktendur virði lög og að verslunarkerðjur fylgist með birgjum sínum. Amy Booth vill meina að sniðganga sé ekki endilega besta vopnið því þá gerðu neytendur lítið annað en að elta nýjustu fréttir án þess að ráðist sé að rót vandans.

Viðskiptabann og glæpahringir

Mexíkó ber höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir þegar kemur að avókadórækt. Langmest er ræktað í Michoacán-ríki þar sem aðstæður eru það hagstæðar að avókadótrén vaxa án nokkurrar fyrirhafnar. Þar hafa glæpahringir hins vegar náð að hasla sér völl enda eftir miklu að slægjast. Mest af avókadóuppskerunni frá Michoacán er selt til Bandaríkjanna þar sem avókadóneyslan hefur vaxið mjög hratt. Reyndar er nærri helmingur innflutts grænmetis í Bandaríkjunum frá Mexíkó og um 40% af innfluttum ávöxtum. Það varð því uppi fótur og fit í byrjun apríl þegar Donald Trump Bandaríkjaforseti gaf það út (með tísti) að hann myndi loka fyrir allan innflutning frá Mexíkó ef þarlend yfirvöld stöðvuðu ekki för fólks yfir landamærin. Verð á avókadó rauk upp við þessar fréttir enda talið að avókadóbirgðir í landinu myndu ekki endast nema í þrjár vikur ef innflutningur yrði alfarið stöðvaður. Ekkert hefur þó orðið af þessum viðskiptaþvingunum og geta neytendur því andað léttar í bili.



Avókadó er ekki síst vinsælt vegna hollustunnar. Það inniheldur holla fitu, trefjar og margvísleg vítamín og steinefni. Vinsældir lágkolvetnamataræðis eiga eflaust sinn þátt í aukinni neyslu.

Breytt mataræði til bjargar jörðinni



Mannkynið stendur frammi fyrir þeirri stóru áskorun að fæða sífellt fleiri jarðarbúa á sama tíma og matvælaframleiðsla heimsins ógnar loftslagsstöðugleika og lífríki jarðar. Samkvæmt EAT-Lancet nefndinni er stórfelldra breytinga þörf ef ekki á illa að fara og án róttækra aðgerða er útilokað að sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og markmiðum Parísarsáttmálans verði náð.

EAT-Lancet Commission er nefnd sem telur 37 vísindamenn frá 16 löndum úr hinum ýmsu fræðasviðum. Tilgangur vettvangs er að setja fram markmið byggð á vísindalegri nálgun um það hvernig best sé að fæða jarðarbúa þannig að hvorki heilsu fólks né lífríki stafi ógn af.

Óhollt mataræði lýðheilsuógn

Þótt framleiðsla á mat í heiminum, mæld í hitaeiningum, hafi vaxið í takt við vaxandi íbúafjölda jarðar búa 820 milljónir manna við fæðuskort. Þá borðar umtalsverður fjöldi jarðarbúa allt of mikinn mat og margir búa við lélegt mataræði. Óhollt mataræði er talið meiri ógn við lýðheilsu en óvarið kynlíf og tóbaks-, áfengis- og eiturlyfjaneysla til samans. Það ætti því að vera forgangsverkefni að tryggja öllum aðgang að hollri fæðu sem er aflað á sjálfbæran hátt. EAT-Lancet nefndin leggur til tvö meginmarkmið: hollt mataræði og sjálfbæra matvælaframleiðslu.

Jarðheilsufæði

Jarðheilsufæði (planetary health diet) vísar til mataræðis sem er gott fyrir bæði heilsu fólks og vistkerfi jarðar. Samkvæmt skýrslu nefndarinnar sýna rannsóknir að heilsusamlegt mataræði byggir á fjölbreyttri fæðu úr jurtaríkinu (plant based diet), svo sem grænmeti, ávöxtum, fræjum, hnetum, baunum, linsum og heilkorni. Holl fita hefur sinn sess en minni áhersla ætti að vera á kjöt, mjólkurvörur, fisk, unninn mat og viðbættan sykur. Þetta mataræði hefur einnig verið kallað flexitarian. Það byggir að mestu leyti á grænmetisfæði en getur innihaldið hóflegt magn af fiski, kjöti og mjólkurafurðum.

Breyting á mataræði jarðarbúa í þessa veru kallar á tvöfalt meiri neyslu á fæðu eins og grænmeti, ávöxtum og hnetum og helmingi minni neyslu á rauðu kjöti og viðbættum sykri. Sérstaklega þarf að draga úr óhóflegri sykurneyslu á Vesturlöndum.

Skýrsluhöfundar segja að markmiðið sé ekki að allir jarðarbúar borði nákvæmlega sama mat enda sé mataræði mismunandi eftir menningarsvæðum og sum samfélög til dæmis háð veiðum. Það þurfi að taka tillit til þess þótt að á heildina litið þurfi að draga stórlega úr kjötneyslu og auka grænmetisfæðu til muna.

Sjálfbær matvælaframleiðsla

Fyrir liggur að matvælaframleiðsla heimsins er ekki sjálfbær. Þau atriði sem horfa þarf til eru loftslagsbreytingar, vatnsnotkun, landnýting, notkun á nitri og fósfor í landbúnaði og eyðing vistkerfa/fækkun tegunda. Þá þarf að stórmínka matarsóun. Ekkert af þessu ætti að koma á óvart enda eru þessi vandamál vel þekkt. Það er hins vegar þrautin þyngrri að takast á við vandann. Skýrsluhöfundar leggja til fimm aðgerðir sem ráðast þarf í á heimsvísu:

- 1) Gera þarf alþjóðlegar skuldbindingar þannig að hollu mataræði verði gert hátt undir höfði.
- 2) Áhersla verði á gæði fæðunnar og fjölbreytta framleiðslu.
- 3) Breyta þarf ræktun þannig að nýting auðlinda verði betri (s.s. betri nýting á vatni og áburði, endurnýting á fósfor og fódurstýring).
- 4) Tryggja þarf skýra stefnu um stjórnun lands og hafsvæða, svo sem að ekki verði gengið meira á mikilvæg vistkerfi.
- 5) Síðast en ekki síst verður að minnka matarsóun um helming. Þar er átt við þann mat sem skemmist á akri, við flutninga og við vinnslu, auk sóunar í verslunum og hjá neytendum.

Niðurstaða nefndarinnar er að það sé raunhæft að tryggja öllum jarðarbúum holla næringu og jafnframt tryggja að fæðuöflun sé sjálfbær. Til að svo megi verða þurfi þó að gera stórtækar breytingar á öllum sviðum og ráðast þarf í þessar breytingar hið fyrsta.

Heimild: eatforum.org



Dýrasta súkkulaðið ekki endilega best

Gæðakönnun sænsku neytendasamtakanna Råd och Rön á dökku súkkulaði leiðir í ljós að verð og gæði fara ekki endilega saman. Súkkulaðið var metið út frá bragðgæðum (sýrustigi, biturleika, sætu), lykt og útliti en einnig var kannað hvort í því væri að finna einhver óæskileg efni. Þær tegundir sem fengu hæstu einkunn eru Valrhona, Lindt, Green & Black's, J.D. Gross, Marabou premium eco og ICA I love eco. Kílóverðið á þeirri tegund sem fékk hæstu einkunn, Valrhona, var langhæst eða meira en tvisvar sinnum hærra en á súkkulaði frá Lindt og Green & Black's, sem þóttu þó allt eins jafn bragðgöð. Verðið þarf því ekki að vera neinn mælikvarði á gæði þegar súkkulaði er annars vegar.

Neyslan eykst

Súkkulaðineysla fer vaxandi á heimsvísu og á milli árána 2010 og 2015 jókst hún um 13%. Það er hins vegar áleitin spurning hversu lengi við munum geta notið þess að borða súkkulaði í sama mæli og við gerum í dag. Kakóbændur fá lítið í sinn hlut og sífellt færri ungir bændur vilja taka við ræktuninni þegar eldri kakóbændur hætta störfum. Þá hafa margir kakóbændur skipt yfir í ræktun á afurðum sem gefa meira af sér, eins og pálmolíu og gúmmí. Loftslagsbreytingar geta líka ógnað kakóbaunarækt, sem fer mestmegnis fram í fjórum löndum Vestur-Afríku; Gana, Nígeríu, Kamerún og Fílabeinströndinni. Kakóplantan er viðkvæm fyrir veðurbreytingum, sjúkdómum og skordýraplágum. Varað hefur verið við því að ef hitastig jarðar hækkar um tvær gráður verði stór hluti Vestur-Afríku of heitur fyrir kakóbaunarækt.

Kadmíum í súkkulaði

Kadmíum er þungmálmurinn sem hefur stundum fundist í súkkulaði og jafnvel í miklum mæli. Efnið er að finna í jarðvegi og berst þannig í kakóbaunirnar. Nú hefur verið sett hámark á leyfilegt kadmíuminnihald í súkkulaði og er það 0,8 milligrömm pr kíló. Kadmíum fannst í örlitlum mæli í þeim tíu tegundum sem skoðaðar voru og blý fannst í tveimur. Engin tegund komst nálægt leyfilegu hámarki á kadmíum.

Oft er því haldið fram að súkkulaði sé heilsusamlegt og gott fyrir hjartað. Slíkar rannsóknir eru gjarnan kostaðar af framleiðendum og skyldi taka með fyrirvara. Efnið flavanól er að finna í kakó og hefur ýmsa heilsusamlega eiginleika sem gjarnan er haldið á lofti. Það er þó misjafnt eftir tegundum hversu mikið flavanólið er og í öllu falli þyrfti að borða töluvert magn til að það hefði einhver áhrif.




ECC ferða-appið

Ókeypis snjallsímaforrit
fyrir ferðamenn í Evrópu



Láttu snjallsímann lesa þennan kóða og kynntu þér appið



Appið fæst fyrir Android, iOS eða Windows og þarf ekki nettengingu eftir að það er sótt

